

**Gísli Gunnarsson**, sóknarprestur í Glaumbæ í Skagafirði. Fæddur á Sauðárkróki 5. janúar 1957. Foreldrar: Gunnar Gíslason, prestur, prófastur og alþingismaður í Glaumbæ og Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir húsfreyja og safnvörður í Glaumbæ. Foreldrar Gunnars: Gísli Jónsson kaupfélagsstjóri á Sauðárkróki og síðar verslunarstjóri á Seyðisfirði og Margrét Arnórsdóttir húsfreyja. Foreldrar Ragnheiðar: Ágústa Áróra Þorsteinsdóttir húsfreyja og Ólafur Ágúst Gíslason stórkaupmaður í Reykjavík.

**Menntun:** Byrjaði í barnaskóla í Varmahlíð, en var svo í Laugalækjarskóla og Hagaskóla í Reykjavík, þaðan sem ég tók landspróf. Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1977. Guðfræðipróf frá Háskóla Íslands 1982. Framhaldsnám við New College, The University of Edinburgh 1986, og við Háskólann í Árósum, Aarhus Universitet 2007-2008, auk ýmissa námskeiða bæði innanlands og erlendis. Stundaði diplómanám á meistarastigi í sálgæslu við endurmenntun HÍ veturinn 2020-2021.

**Starfsferill:** Sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli frá 1982. Hef einnig sinnt aukabjónustu um lengri eða skemmri tíma í öllum prestaköllum í Skagafirði. Þjónaði Barðssókn í Fljótum frá 1985-1996. Settur sóknarprestur í Sauðárkróksprestakalli 1995-1998. Hef einnig leyst af sem prófastur í Húnavatns-og Skagafjarðarprófastsdæmi. Þegar ég var í guðfræðideildinni var ég eitt sumar í starfskynningu hjá prestum á Austurlandi, prédikaði þar í nokkrum kirkjum og vann í sumarbúðunum sem þá voru á Eiðum. Vann einnig við sumarbúðirnar á Vestmannsvatni um skeið og svo við sumarbúðirnar á Hólum í nokkur sumur eftir að ég varð prestur. Starfsmaður fræðsludeildar Þjóðkirkjunnar vegna fermingarstarfa veturna 1989-1991. Sumarið 2007 leysti ég þáverandi sendiráðsprest í Kaupmannahöfn af og kynntist því fjölbreytta starfi vel. Sem kirkjuráðsmaður hafði ég forgöngu um að koma aftur á stöðu prests í Danmörku, en sú staða hafði verið lögð niður eftir hrun. Einnig hef ég heimsótt íslenska söfnuðinn í Kaupmannahöfn, setið safnaðarfundir í Jónshúsi og tvisvar séð um aðventuhátíðir í St. Páls kirkjunni sem íslenski söfnuðurinn var með afnot af.

**Önnur störf:** Vann hjá Vegagerð ríkisins á námsárunum og var þar flokksstjóri. Sumarið 1980 var ég starfsmaður á Kleppi, þar sem ég var svo heppinn að kynnast konunni minni, sem starfaði þar sem sjúkraliði. Við hjónin höfum auk annarra starfa verið með búrekstur í Glaumbæ, kindur og hross.

**Félags-og trúnaðarstörf:** Formaður félags guðfræðinema og ritstjóri Orðsins einn vetur. Formaður skólanefndar Varmahlíðarskóla 1982-1994. Formaður Rauðakrossdeildar Skagafjarðar 1984-1998. Í æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar 1983-1988. Í héraðsnefnd Skagafjarðarprófastsdæmis 1987-1994. Í fermingarstarfanefnd þjóðkirkjunnar 1990-1994. Formaður Löngumýrarnefndar frá 1993. Í stjórn Prestafélags hins forna Hólastiftis 1993-2011. Formaður Barnaverndarnefndar Skagafjarðar 1994-1998. Í stjórn Byggðasafnsnefndar Skagafjarðar um árabíl og formaður 1994-1998. Í stjórn Prestafélags Íslands 1997-2000 og varaformaður frá 1997. Formaður útgáfunefndar Byggðasögu Skagafjarðar 1998-2006. Félagi í Lionsklúbbi Skagafjarðar til margra ára.

Forseti sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 1998-2006 og gengdi ýmsum trúnaðar- og nefndarstörfum á þeim vettvangi, m.a. formaður byggðarráðs 2002-2006. Formaður skólanefndar Fjölbrautarskólans á Norðurlandi vestra FNV frá 2000-2014. Í stjórn Tryggingarstofnunar Íslands 2004-2007. Kirkjubingsmaður frá 2006 og í kirkjuráði Þjóðkirkjunnar 2010-2018 og þar með í stjórn Skálholts sama tíma. Sinnti ýmsum nefndar og trúnaðarstörfum á vegum kirkjuráðs svo sem á fasteignasviði kirkjunnar.

Frá árinu 1983 hef ég verið í stjórn Hólafélagsins og formaður þess frá 1991. Hólafélagið beitti sér fyrir endurreisn Hólastaðar og að þar yrði aðsetur og aðalstarfsstöð vígslubiskups Hólastiftis. Einnig sá félagið um að halda Hólahátíð árlega þar til að vígslubiskup tók það verkefni að sér. Hólafélagið getur þó áfram verið ákveðinn bakhjarl starfsins á Hólum og gott væri að stjórnarfolk félagsins kæmi sem víðast úr stiftinu.

Eiginkona mín er Þuríður Kristjana Þorbergsdóttir frá Brúnahlíð í Suður-Pingeyjarsýslu. Foreldra hennar: Guðfinna Árnadóttir og Þorbergur Kristjánsson bændur í Brúnahlíð. Við eigum fjögur börn og níu barnabörn. Synir okkar eru búsettir í Skagafirði, en dætur okkar í Reykjavík og Mosfellsbæ.

Í mínum huga eiga biskupssetrin fornu, Hólar og Skálholt, að vera andlegar miðstöðvar kirkju og þjóðar, með sögu sína og menningu. Með rætur sína og vængi, sem byggja á sögunni, lifa í núinu og horfa til framtíðar.

Þar eiga áfram að vera aðsetur vígslubiskupa og þeirra aðalstarfsstöðvar. Jafnframt eiga vígslubiskupar að fara um stiftin og aðstoða söfnuði og starfsfólk á margvíslegan hátt, hvetja, uppörva og þakka.

Það dýrmætasta sem kirkjan á er fólk sem þar starfar með einum eða öðrum hætti. Fólk sem leggur fram krafta sína, yfirleitt í sjálfböðavinnu og stuðlar þannig að öflugum kirkjustarfi um land allt.

Kirkjan er mikilvæg í hverju samfélagi og ekki síst í hinum dreifðu byggðum landsins. Það þarf að standa vörð um þá starfsemi og starf vígslubiskups er liður í því. Einnig þarf að sækja fram, ekki hvað síst í barna- og æskulýðsstafi kirkjunnar og efla það sem víðast á landinu.

Þá er framtíð kirkjunnar björt og þannig berst hinn góði og heilnæmi boðskapur frá einni kynslóð til annarrar.

Að lokum óska ég þér lesandi kær, góðra stunda og Guðs blessunar.

Gísli Gunnarsson

